

AUGLÝSING

um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta tvær lóðir innan Laugardalsafrettar. Lóðirnar sem um ræðir eru báðar að Hlöðuvöllum og verður leigutaki að leigja báðar lóðirnar. Á annarri lóðanna er afréttarskáli í einkaeigu, 22fm hesthús, kamar og borhola ásmat vatnstank og vaski. Á hinna lóðinni er engin bygging, en sú kvöð fylgir að leigutaki muni byggja allt að 100 fm hesthús á lóðinni. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur verða því að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín skálana ef af úthlutun lóða verður.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Laugardalsafretti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 3/2003. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Bláskógabyggð hefur samþykkt deiliskipulag fyrir umrætt svæði.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa á miðhálandinu og starfsemi afréttarskála,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.
- áætlun um byggingu nýs hesthúss, allt að 100 fm að stærð.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en 3. apríl nk. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Tölvupóstfang sveitarstjóra er valtyr@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
801 Selfoss